

Lausar stöður

Tvær dósentsstöður við læknaeild Háskóla Íslands, önnur í lyflæknisfræði en hin í handlæknisfræði, eru lausar til umsóknar með umsóknarfresti til 10. nóvember 1973. Um er að ræða hlutastöður, sbr. 2. gr. laga nr. 67/1972, um breyting á lögum nr. 84/1970, um Háskóla Íslands, og skal dósentsstaðan í lyflæknisfræði tengd sérfræðingsstöðu við lyflækningadeild Borgarspítalans í Reykjavík, en dósentsstaðan í handlæknisfræði tengd sérfræðingsstöðu í skurðlækningadeild sama sjúkrahúss. Gert er ráð fyrir, að dósentsstöðurnar verði hvor um sig sem næst hálf starf og að í þær verði ráðið til fjögurra ára í senn.

Laun samkv. launakerfi starfsmanna ríkisins. Umsækjendur um framangreinar dósentsstöður skulu láta fylgja umsókn sinni rækilega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf.

Menntamálaráðuneytið,
10. október 1973.

Landshappdrætti

Rauða Kross Íslands

Dregið hefur verið í landshappdrætti Rauða kross Íslands 1973.

Ford Mustang bifreiðin kom á miða nr. 11068
Hljómburðartæki á miða nr. 39185
Hljómburðartæki á miða nr. 109763.

Rauði kross Íslands.

Reiknistofa bankanna

óskar að ráða eftirfarandi starfsfólk:

Einkaritara með góða kunnáttu í ensku og einu norðurlandamáli, vélritun og skrifstofustörfum almennt.

Kerfisfræðinga. Óskað eftir umsækjendum með bankamenntun, stúdentsprófi eða verzlunarskóla. Kerfisfræðimenntun æskileg en ekki skilyrði.

Reiknistofa bankanna mun þjóna átta stærstu bönkum landsins. Ráðning samkvæmt almennum kjörum bankastarfsmanna. Mjög skemmtilegt starfssvið við þróun og uppbyggingu nýttisku bankaerfa, sem byggjast á nýjustu tækni í rafreiknakerfum.

Skriflegar umsóknir sendist Reiknistofu bankanna, Laugavegi 120, Reykjavík, fyrir 25. okt.

Reiknistofa bankanna.

Alpýðublaðið inn á hvert heimili

Vélstjórafélag Íslands

Vélstjórar

Fundur verða haldnir að Bárugötu 11, sem hér segir:

Með vélstjórum á kaupskipum, fimmtudaginn 18. okt. kl. 17.


Með vélstjórum í hraðfrystihúsum, föstudaginn 19. okt. kl. 20,30.

Með vélstjórum í verksmíðjum og orkuverum, mánudaginn 22. okt. kl. 20.30.

Fundarefni: Kjarasamningarnir.

Stjórn Vélstjórafélags Íslands.

RIGA „4“



vélahjolin eru nú aftur fyrirleggjandi.
Verð mjög hagstætt. Pantanir óskast sóttar sem fyrst.

INGVAR HELGASON

Vonarlandi við Sogaveg.

Alpýðublaðið inn á hvert heimili



SKIPAUTGERÐ RÍKISINS

Lokun

Skrifstofur vorur og vöruafgreiðslan, verða lokaðar kl. 12.00-16.00 í dag, miðvikudaginn 17. október, vegna jarðarfara Magnúsar Blöndal Jóhannessonar fyrrverandi yfirverkstjóra.

Skipautgerð Ríkisins

Blátt drengjareihjól

er í óskilum á Hringbraut 26 —
Simi 11830.

FLOKKSSTARFIÐ

KONUR Í HAFNARFIRÐI

FÉLAGSFUNDUR

Kvenfélag Alpýðuflokksins í Hafnarfirði boðar til félagsfundar í kvöld, miðvikudagskvöld, kl. 20.30 í Alpýðuhúsinu við Strandgötu.

Dagskrá:

1. STEFAN GUNNLAUGSSON, BÉJARFULLTRÚI, RÆÐIR BÉJARMÁLIN.

2. RÆTT UM VETRARSTARFIÐ.

A fundinum verður sýnd kvikmynd og kaffiveitingar verða á boðstólum.

STJÓRNIN.

SAMEININGAFUNDI FRESTAÐ

Alpýðuflokksfólk í Reykjavík!

Af óviðráðanlegum orsökum fellur niður fundur sá um sameiningarmálið, sem auglýstur var í Alpýðublaðinu í gær og átti að fara fram annað kvöld.

Fundur um þetta efni verður haldinn síðar.

Alpýðuflokksfélag Reykjavíkur

alpyðu
blaðið

ER
BLAÐIÐ ÞITT

Áskriftarsíminn er
86666

Litlar töflur — og hættulegasti sjúkdómurinn

Í raun og veru er stóra vanda málið sambengi östrogens og kölkunar - og þar með varðandi þær konur, sem fyrir löngu hafa náð yfirangaldinum.

Um það leyti, sem konan er að hætta að hafa á klæðum, þá getur hormónaskorturinn, sem því ástandi veldur, haft í för með sér ýmis óþægindi, svo sem eins og vanmetakennd, sálræn vandkvæði, svima, höfuðverk o.s.frv. - sem hverfa, ef konunni er gefið östrogen-hormónalyf. Auk þess eykur östrogen-skorturinn einnig á kölkunarhættuna.

Þetta veldur því, að menn þurfa vel að hugsa sig um, þegar hægt er með litlum töflum - sem einnig gera gagn að öðru leyti - að minnka hættuna á skæðasta sjúkdómi vorra tíma.

Það er áreiðanlega fyrst og fremst krabbameinshættan þessu samfara, sem heldur aftur af lækunum. En þó hefur hún enn ekki verið fyllilega sönnuð. Þá eru líkur á því, að innan skamms muni sá síður almennt upp tekið, að konur fái östrogenhormónalyf a.m.k um hríð eftir að eggjastokkar þeirra sjálfra hafa hætt að framleiða hormóninn.

Með þeim áhrifum, að munur á lífsvendum karla og kvenna verður enn meiri.

En það er auðvitað engin afsökun fyrir því, að neita að hjálpa konunum í baráttunni við kölkunardauðann.

Hjartaslag drepur margar konur, heilablóðfall gerir margar manneskjur að lifandi líkum — til mikillar óhamingju fyrir þær og ættingjafirra. Það er engin afsökun til fyrir því að reyna ekki að hjálpa þær sem það er hægt. Og sú er afsökun mín fyrir að skrifa svona mikið um kölkunina. Einnig það í sambandi við hana, sem ekkert á skylt við mataræði.

Fituefni í æðaveggjum okkar er mesta heilbrigðisvandamál vorra tíma. Og það væri hörmulegt, ef maður með heilbrigðu mataræði minnkaði kölkunar-sjúkdómshættu sína og sinna - og yki hana um leið með öðru móti vegna þess, að maður vissi ekki hvaða aðrir þættir en rangt mataræði, valda hættunni á að verða hættulegasta sjúkdómi vorra tíma að bráð.

Næst: Þannig er feitmetissamansetningin

Nú höfum við lokið hinum almenna texta í kaflanum um feitmeti og kölkunarsjúkdóma. Eftir er þá tvennt - í fyrsta lagi að gera grein fyrir fituefnasamansetningu ýmissa fæðutegunda (hvernig hlutfallið er milli mettaðra og ómettaðra fitusýra í þeim) og að gefa nokkrar uppskriftir af bragðgóðum réttum með rétri fituefnasamansetningu.

Á þessu verki byrjum við í næsta kafla, sem birtist eftir viku í Alþbl.



alpyðu
blaðið

Auglýsingasími
Alpýðublaðsins
er 86660